



Heilbrigðiseftirlit Reykjavíkur

STARFSLEYFI

fyrir gististað; hótél (Hótél Frón) að Laugavegi 22a, Laugavegi 24 og Klapparstíg 35A, F2004792 - rými 01 0101, F2004802 - rými 02 0101, F2004799 - rými 01 0401 og F2234125 - rými 01 0101.

Nafn leyfishafa: Hótél Frón ehf.

Heimilisfang: Laugavegur 22a, 101 Reykjavíkurborg

Kennitala: 420498-3229

Gildir frá: 8. janúar 2026

Gildir til: 8. janúar 2038

Starfsleyfi þetta er gefið út samkvæmt ákvæðum laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir með síðari breytingum og laga nr. 93/1995 um matvæli þegar um matvæli er að ræða. Leyfishafi skal hlíta ákvæðum framangreindra laga, einnig laga nr. 6/2002 um tóbaksvarnir með síðari breytingum. Einnig ákvæðum annarra laga, reglugerða og starfsleyfis-skilyrða sem um starfsemina kunna að gilda.

Leyfið er einnig gefið út með Starfsleyfis-skilyrðum heilbrigðisnefndar Reykjavíkur fyrir gististaði.

Fyrirhugaðar breytingar á húsnæði, framleiðslu eða rekstri skulu gerðar í samráði við Heilbrigðiseftirlit. Við flutning eða eigendaskipti fellur starfsleyfið úr gildi nema nýr rekstraraðili sæki um að leyfið færist yfir á hans nafn.

Framsál þessa leyfis er óheimilt. Skylt er að framvísa starfsleyfinu þegar opinber eftirlitsaðili óskar þess. Starfsleyfi þetta skal hanga uppi á áberandi stað.

Heimilt er að endurskoða starfsleyfi þegar þörf krefur. Leyfishafi skal greiða starfsleyfis- og eftirlitsgjöld samkvæmt gildandi gjaldskrá.

Reykjavík, 8. janúar 2026





Greinargerð með starfsleyfi fyrir gististaðinn Hótel Frón að Laugavegi 22A, Laugavegi 24 og Klapparstíg 35A.

Heilbrigðiseftirlit Reykjavíkur auglýsti drög að starfsleyfi fyrir gististað; tegund hótél, Hótel Frón að Laugavegi 22A, Laugavegi 24 og Klapparstíg 35A þann 4. desember 2025 ásamt eftirtöldum gögnum: Umsókn um starfsleyfi, Drögum að starfsleyfi, Starfsleyfisskilyrði heilbrigðisnefndar Reykjavíkur fyrir gististaði og Jákvæðri umsögn byggingarfulltrúa um að húsnaði og fyrirhuguð starfsemi gististaðarins séu í samræmi við byggingarreglugerð og skipulag.

Frestur til að koma með skriflegar athugasemdir var til 2. janúar 2026. Umsækjandi um starfsleyfi er Hótel Frón ehf., kt. 420498-3229.

Engar athugasemdir bárust vegna fyrirhugaðs rekstrar hótels að Laugavegi 22A, Laugavegi 24 og Klapparstíg 35A.

Umsókn Hótel Fróns ehf., kt. 420498-3229, dags. 3. mars 2025, að loknu auglýsingaferli, var lögð fyrir 1884. afgreiðslufund Heilbrigðiseftirlits Reykjavíkur þann 8. janúar 2026, um starfsleyfi fyrir gististað; hótél (Hótel Frón) að Laugavegi 22A - F2004792, rými 01 0101, Laugavegi 24 – F2004802, rými 02 0101 og F2004799, rými 01 0401, Klapparstígur 35A – F2234125, rými 01 0101. Endurnýjun leyfis. Samþykkt var að veita starfsleyfi til 12 ára með *Starfsleyfisskilyrðum heilbrigðisnefndar Reykjavíkur fyrir gististaði.*

Dags. 17.02.2026

Aron Jóhannsson, heilbrigðisfulltrúi